

## Stjórnarfundur Listskreytingasjóðs

Mánudaginn 28. október 2024

Kl. 14:00

Fjarfundur

### Mætt eru:

Kristján Steingrímur Jónsson, formaður, tilnefndur af Menningarmálaráðherra  
Karl Kvaran, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands  
Sigga Björg, tilnefnd af SÍM  
Karl Ómarsson, tilnefndur af SÍM  
Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar  
Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar  
Ilmur Stefánsdóttir, tilnefnd af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, boðaði forföll

### Fundargerð:

1. Umsögn um [þingmál 16 -Myndlistarlög \(framlag listaverka í nýbyggingum\)](#).
  - Kristján Steingrímur leggur fram umsögn um þingmál 16. Stjórn fer yfir umsögnina og samþykkir að senda í umsagnagátt Alþingis.
2. Önnur mál
  - Svar frá Menningarmálaráðuneyti varðandi hvernig ohf falla undir Myndlistarlög: Auður sendi ráðuneytinu fyrirspurn varðandi hvernig ohf, opinber eignarhaldsfélög, falla undir Myndlistarlög. Svar barst frá lögfræðingi ráðuneytisins, Steindóri Dan Jensen þann 21. október:

*Í 13. gr. myndlistarlaga er skilgreint hvað telst til opinberra bygginga í skilningi laganna. Til opinberra bygginga teljast:*

- a. Byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti, sbr. lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda.*
- b. Byggingar sem reistar eru á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir.*
- c. Byggingar sem reistar eru fyrir ríkið samkvæmt samningi um einkaframkvæmd.*
- d. Framkvæmdir sem fela í sér gagngerar endurbætur á eldra húsnæði og ber að fara með þær framkvæmdir eins og um nýbyggingu sé að ræða.*
- e. Húsnæði sem ríkið tekur á leigu til a.m.k. 10 ára.*

*Ákvæðið á rætur að rekja til eldri laga um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 46/1998. Um ákvæðið er fjallað í greinargerð með frumvarpinu sem varð að myndlistarlögum, þar sem m.a. kemur fram:*

*„Ákvæðið er að meginstofni samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1998. Þó er bætt við tveimur þáttum, annars vegar byggingum fyrir ríkið samkvæmt samningi um einkaframkvæmd og hins vegar húsnæði sem ríkið tekur á leigu til lengri tíma. Á nokkrum sviðum hefur aukist að ríkið standi ekki sjálft að því að byggja heldur geri samning um slíkt við sveitarfélög eða einkaaðila. Því er í c-lið ákvæði um að byggingar sem reistar eru fyrir ríkið samkvæmt samningi um einkaframkvæmd falli undir opinberar byggingar sem*

*lögin ná til. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að ríkið leigi húsnæði til langs tíma, en í slíkum tilvikum er einnig full ástæða til að huga að listaverkum. Í e-lið 1. mgr. er lagt til að húsnæði sem ríkið tekur á leigu til a.m.k. 10 ára geti einnig talist til opinberra bygginga.“*

*Ekki er sérstaklega fjallað um opinber hlutafélög (ohf.) í lögnum. Í tilviki opinberra hlutafélaga yrði að horfa til þess hvernig fjármögnun byggingar er háttað. Fjármagni ríkissjóður byggingu, þó ekki sé nema að hluta, fellur byggingin undir a-lið 1. mgr. 13. gr. laganna og þar með undir gildissvið 14. gr. um framlag til listaverka í nýbyggingum. Standi eigin fjárhagur opinbers hlutafélags undir heildarkostnaði nýbyggingar fellur byggingin að líkindum utan gildissviðs 14. gr.*

*Ljóst er að regla 14. gr. myndlistarlaga um framlag til listaverka í nýbyggingum er meginregla laganna og sætir sem slík rúmri túlkun. Skilgreiningin á opinberum byggingum í 13. gr. er auk þess víðtæk, einkum þegar hún er lesin ásamt skýringu í greinargerð þar sem ljós kemur fram sá vilji löggjafans að útvíkka skilgreininguna og láta lögin ná til fleiri bygginga en eldri lög um sama efni gerðu. Þetta rennir stoðum undir beitingu rúmrar túlkunar og yrði tilhneigingin því sú að fella vafatilvik um tilteknar nýbyggingar fremur innan gildissviðs 14. gr. myndlistarlaga en utan.*

- Erindi frá Kristni E. Hrafnssyni: Listskreytingasjóði barst beiðni um aðgang að gögnum vegna útilistaverksins Flæði, sem var sett upp í Ólafsfirði árið 1993, eftir Kristin E. Hrafnsson og var keypt með framlagi úr Listskreytingasjóði árið 1991. Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri sjóðsins fann gögnin og Tinna hefur sent þau til listamannsins og til sveitafélagsins Fjallabyggðar.
- Næsti fundur stjórnar Listskreytingasjóðs: Kristján Steingrímur leggur til að næsti áætlaði fundur, 4. nóvember verði felldur niður og stjórn hittist næst 2. desember. Eins leggur Kristján til að næstu vikur verði nýttar í fundarhöld með Nýja Landsspítala, NLSH ohf, Landsvirkjun, Isavia, Orkuveitunni og RÚV. Stjórn samþykkir.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi slitið 14:35.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 2. desember kl. 17:00